Sameining kirkjugarða

Víða um land hafa kirkjugarðar séð hagræði í því að sameinast tveir eða fleiri undir einni kennitölu. Þetta getur leitt til hagræðis í umhirðu, minna umstangs í gerð ársreikninga og samnýtingu á tækjum og öðrum eignum kirkjugarðanna svo eitthvað sé nefnt. Hér fyrir neðan eru nokkrir punktar um hvernig standa skal að sameiningu kirkjugarða.

Ákvörðun um sameiningu og undirbúningur:

- Hver kirkjugarðsstjórn (sóknarnefnd) ræðir áhuga og möguleika á sameiningu á fundi og tekur ákvörðun um áframhaldið.
- Gera þarf grein fyrir eignum og skuldum hvers kirkjugarðs og taka fram ef einhver vandkvæði fylgja sameiningu. Niðurstaða send á allar kirkjugarðsstjórnir (sóknarnefndir) sem stefna á að sameinast.
- Ákvörðun er tekin um að sameina kirkjugarðana. Rita þarf fundargerð á fundinum þar sem ákvörðunin er tekin og allir viðstaddir undirrita hana.
- Fá samþykki prófasts/prófasta sóknarinnar/sóknanna.

Megin hluti sameiningarinnar er framkvæmd í gegnum fyrirtækjaskrá Skattsins.

Tilkynna sameiningu:

- Skila þarf inn tilkynningu til fyrirtækjaskrár um sameiningu kirkjugarða þar sem fram kemur hvaða kirkjugarðar (kennitölur) ætla að sameinast.
- Taka þarf fram í tilkynningunni hvaða kennitölur munu verða afskráðar í þessu ferli.
- Senda þarf með tilkynningunni greinagerð um skuldir og eignir hvers kirkjugarðs sem tekur þátt í sameiningunni.
- Kostur er að fundargerðir allra viðkomandi kirkjugarðsstjórna (sóknarnefnda), þar sem sameining var samþykkt, fylgi með tilkynningunni.
- Tvær leiðir eru færar í utanumhaldi nýstofnaðs kirkjugarðsamlags, það er að sameina undir nýrri kennitölu eða nota eina þeirra sem þegar eru til. Koma þarf fram í tilkynningunni hvor leiðin er valin.

Ný kirkjugarðsstjórn:

- Kjósa þarf nýja stjórn yfir hina sameinuðu kirkjugarða.
- Þar ætti hver kirkjugarðsstjórn (sóknarnefnd) garðanna sem ætla að sameinast að tilnefna einn aðalmann og einn varamann.
- Þá er gott að marka reglur um starfsemi nýrrar kirkjugarðsstjórnar í samræmi við lög nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu þar sem eftirfarandi er m.a. skilgreint:
    - Hvaða kirkjugarðar tilheyra samlaginu
    - Hverjir eiga sæti í stjórn og hver er skipunartíminn
    - Hvenær skal halda aðalfund
    - Hver boðar til stjórnarfunda og hversu oft eru þeir haldnir
    - Hvernig eru fundir boðaðir og með hvaða fyrirvara
    - Hver eru helsti verkefni kirkjugarðsstjórnar
    - Hvað á að gera þegar atkvæði falla jöfn
    - o.s.fr.v.

Ný kennitala sameinaðra kirkjugarða:

- Ef stofna á nýja kennitölu þarf að senda tilkynningu á fyrirtækjaskrá þar sem óskað er eftir skráningu nýs kirkjugarðs/kirkjugarða.
- Þar þarf að koma fram heimilisfang/staðsetning kirkjugarðs og nýtt nafn sameinaðra kirkjugarða auk nafns, kennitölu og heimilisfangs prókúruhafa.
- Blaðið þarf að vera undirritað af nýrri kirkjugarðstjórn.
- Kirkjugarðar flokkast sem opinber aðili og eru merktir sem slíkir í fyrirtækjaskrá.
- *Rekstrarform er K4 – Opinber aðili*.
- *Atvinnugreinaflokkun – 96.03.0 Útfararþjónusta og tengd starfsemi*

Í sameiningarferlinu er gott að gera áætlun eða lista yfir hvaða framkvæmdir eru þarfar í hverjum kirkjugarði og forgangsraða verkefnum fyrstu árin eftir að sameiningin gengur í gegn. Þetta getur verið liður í því að ná öllum görðunum í svipað horf svo auðveldara sé að halda þeim við og sinna reglulegri umhirðu.

Kirkjugarðaráð og Kirkjugarðasamband Íslands eru ávallt reiðubúin til aðstoðar og ráðlegginga þegar tekin hefur verið ákvörðun um að sameina kirkjugarða. Þegar sameiningu er lokið þarf að tilkynna breytinguna til Kirkjugarðasambands Íslands svo að umhirðu og grafargjöld verði greidd rétt út í framhaldinu.